

"Við erum uppeldisstofnun og viljum vera innlegg í samfélagið"



Þverflautudeildin blæs út: Annað vinsælasta hljóðfæri Tónlistarskóla Austur-Héraðs. Jón Guðmundsson aðstoðarskólastjóri leiðbeinir hér Fanneyju Vigfúsdóttur um hina fínna þætti þverflautublasturs. — Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

Nú standa yfir æfingar hjá Tónlistarskóla Austur-Héraðs á Jóhannesarpassiunni, stórbrotnu kór- og hljómsveitarverki eftir J.S. Bach. **Steinunn Ásmundsdóttir** kom við í skólanum.

JÓHANNESARPASSÍAN verður flutt í Egilsstaðakirkju og Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði í lok mánaðarins. Magnús Magnússon, skólastjóri Tónlistarskóla Austur-Héraðs, segist ekki vita til þess að verkið hafi verið flutt áður utan höfuðborgarsvæðisins og rísi flutningur Jóhannesarpassiunnar hæst af vetrarverkefnum skólans.

"Um 60 manns taka þátt í uppfærslunni og þar af er kórinn um 30 manns," segir Magnús. "Uppfærslan er samstarfsverkefni kórs tónlistarskólans og Kammerkórs Austurlands, undir stjórn Keith Reed, sem hefur stjórnað kórnum frá stofnun og verið listrænn stjórnandi Óperustúdíós Austurlands frá upphafi. Langflestir söngvarar Kammerkórsins stunda nám við skólann eða hafa gert og einsöngvarar í verkinu koma allir af Austurlandi og hefur meginþorri þeirra lært við skólann hér. Þá er hljómsveitin skipuð kennurum og nemendum í bland."

"Dýrðarinnar drama- tíska og fagra verk"

Magnús segir flutning Passiunnar tónlistarviðburð sem fólk eigi ekki að láta fram hjá sér fara. "Við hvetjum fólk einnig til að mæta á fyrirlestur með tóndæmum um Passíuna sem Árne Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur verður með í Egilsstaðakirkju 21. mars nk. Það er góð leið til að skilja enn betur þetta dýrðarinnar, dramatíska og fagra verk."

Einsöngvarar í verkinu eru Pétur Örn Þórarinsson, Suncana Slamnig, Torvald Gjerde, Keith Reed, Muff Worden, Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Vígbór Sjafnar Xophoníasson og Þóra Guðmannsdóttir. Með hlutverk Guðspjallamannsins fer Þorbjörn Rúnarsson, en stjórnandi er Keith Reed.

Nú eru 220 nemendur við Tónlistarskóla Austur-Héraðs og 13 kennarar, auk skólastjóra. Beiðnum hefur nú verið skilað inn fyrir 13 áfangapróf, en í vor verða öll

próf samræmd og gömlu stigsprófin notuð sem innanhússpróf í skólanum, sem er skv. nýrri aðalnámsskrá tónlistarskóla. Flestir nemendur skólans leggja stund á píanónám, en einnig er talsverður fjöldi að læra söng og á þverflautu.

Sérstaða skólans margir nemendur á efri stigum söng- og hljóðfæranáms

"Við höfum þá sérstöðu að hafa töluvert af nemendum á efri stigum, einkum í söng" segir Magnús. "Núna eru til dæmis tveir nemendur sem hafa farið beint héðan í háskólanám erlendis, annar til Þýskalands og hinn til Ameríku. Þá var söngnemi frá okkur á dögnum að prufusyngja við nokkra háskóla í Bandaríkjunum og er þegar búinn að fá jákvætt svar frá einum þeirra. Nýlega tók nemandi hér 8. stig í þverflautuleik og um þessar mundir eru nokkuð margir að vinna á þessu sviði, þ.e. á fimmta til áttunda stigi."

Jón Guðmundsson aðstoðarskólástjóri bendir á að mikil breidd sé í aldri nemenda. "Elsti nemandi skólans er á nírræðisaldri og nokkrir á sjötugsaldri. Það er því mikil vídd bæði í nemendum og námi þeirra. Hitt er annað mál að auðvitað er ýmislegt í skólastarfinu sem má bæta. Til dæmis vildum við gjarnan auka málmblásturskennslu, sem hefur verið afar lítil undanfarin ár.

Það er líka mjög slæmt fyrir okkur að geta ekki verið meira með dægurtónlistina hér inni, en til þess þarf alveg sérstaka aðstöðu sem við höfum ekki yfir að ráða. Við erum uppeldisstofnun og viljum vera innlegg inn í samfélagið, jafnt með flutningi Jóhannesarpassíunnar sem og kennslu í tónlist dagsins í dag."

Hvergi utan höfuðborgarsvæðisins tekist á við annað eins

Það vekur athygli að tónlistarskólinn hefur lagt grunn að flutningi margra frægra tónverka á síðustu sjö árum. Má þar nefna Messías e. Händel, Jólaóráttu Bachs, allar sex kantötturnar, Elía e. Mendelssohn, Sálumessu Mozarts, tvær stórar Bachkantötur, Magnificat e. Bach og nú er verið að æfa Jóhannesarpassíuna. Þeir Magnús og Jón segja þetta í rauninni merkilegt, en jarðvegurinn sé til staðar þar sem skólinn hefur á síðustu áratugum alið upp fólk sem les vel nótur og er þjálfað í söng og hljóðfæraleik.

"Þetta er í sjálfu sér alveg með ólíkindum" segir Jón og bendir á að ekkert einasta svæði á landinu annað, fyrir utan kannski höfuðborgarsvæðið og Akureyri, hafi tekist á við annað eins af stórum verkum á jafnstuttum tíma. "Og við skulum ekki gleyma því að hér hafa fimm óperur verið fluttar á jafnmörgum árum, með sama mannskap að hluta til og nú er stefnt saman í Passíunni."

Magnús og Jón furða sig á að þegar verið sé að frumsýna verk syðra, sem líka hafa verið sett upp á Austurlandi, sé þess að engu getið í upptalningu á fyrri uppfærslum. "Elía var fluttur í Reykjavík stuttu eftir að hann var fluttur hér og þess hvergi getið" segir Jón og telur sama hafa gilt um sýningu á Rakaranum eftir Rossini og nú síðast um Figaró.

"Ég hef þá kenningu að þeir sem búa austan Elliðaáa séu hreint ekki taldir með. Það er ekki búist við því að við getum nokkurn skapaðan hlut. Þetta gildir ekki bara um okkur, heldur landsbyggðina alla. Reyndar held ég að Akureyringar, og jafnvel Ísafirðingar, séu næstum farnir að njóta sannmælis fyrir sína öfluggu menningarstarfsemi. Það á vonandi eftir að birtast mönnum að við erum að reyna að

reka alvörustarfsemi hér á Austurlandi og gerum mjög miklar listrænar kröfur. Allavega eins og hægt er."

Sáttur við afraksturinn

Magnús hættir sem skólastjóri Tónlistarskóla Austur-Héraðs í haust, eftir langt og farsælt starf.

Hann hefur stjórnað skólanum í 33 ár og tók þátt í stofnun hans, sem og tónlistarskólans í Ólafsfirði, hvar hann var skólastjóri í sex ár.

"Ég er mjög sáttur við afraksturinn eftir þessi skólastjóraár," segir Magnús. "Ég setti mér þau mörk að á ferli mínum skyldi ég útskrifa af 8. stigi og koma skólanum í varanlegt húsnæði. Fyrri markmiðið náðist en hið síðara ekki. Núna koma nýir menn með aðrar áherslur og kannski mál til komið."